



LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélagss Íslands

7. árg. 1998 2. töl.

Frænámskeið

Fræðslu- og myndakvöld

Kröftugt skógræktarstarf á Snæfellsnesi

Ofurösp

Alaskaösp og víði er yfirleitt fjölgað með klónun, á þann hátt að klipptir eru sprotar af þeim sem við þekkjum sem stiklinga. Það þýðir að ræktuðu plönturnar verða erfðafræðilega eins og móðurplönturnar, erfa alla þeirra kosti og galla. Fyrirbærið klón þekkjá lesendur einnig eftir umræðuna um lambið Dolly í Skotlandi.

Þetta er ólíkt þeim plöntum sem við fjögum með fræjum, enda er þá yfirleitt um að ræða kynæxlun ólíkra einstaklinga. Erfa afkvæmin eiginleika beggja foreldranna, líkt og við þekkjum úr okkar eigin tilveru. Erfðafræðilega er því yfirleitt hvert „fræpartí“ afar fjölbreytt erfðafræðilega því um afkvæmi margra foreldra er að ræða.

Þannig tölum við um erfðafræðihugtökin kvæmi og klón í sambandi við trjátegundir. Klónar eru erfðafræðilega eins einstaklingar, en kvæmi á við um þann stað sem trjátegundin er sótt til. Til dæmis er trjátegundin alaskaösp útbreidd um NV-Ameríku. Ákveðið kvæmi hennar getur síðan verið Copper River Delta („frá ósum Koparár“), sem er staður í Alaska, og það kvæmi var oft auðkennt með söfnunarnúmerinu „C10“. Klóninn Keisari eru hins vegar tré sem hefur verið fjölgað af einu einstöku tré í Copper River Delta, sem kallað hefur verið Keisari.

LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands, 7. árgangur, 2. tölublað, haust 1998

Skógræktarfélag Íslands er samband skógræktarfélaganna, sem byggja á starfi sjálfboðaliða. Það er málsvári félaganna og hefur m.a. að markmiði að stuðla að trjá- og skógrækt, gróðurvernd og landgræðslu, auk fræðslu- og leiðbeiningastarfs. Skógræktarfélagin starfa um allt land og eru nú 55 talsins með liðlega 7000 félagsmenn og mynda þannig ein fjölmennustu frjálsu almenningssamtök landsins sem vinna að umhverfismálum. Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi styður þú gott málefni, auk þess að tengjast lifandi félags-skap þar sem fram fer fjölbreytt félags- og fræðslustarf.

Forsíðumynd: Haust á Ólafsfirði - Jón Geir Pétursson S.Í.:

Fallegur alaskavíðir á Ólafsfirði, væntanlega svokallaður S2B - (*Salix alaxensis*, var *longistylis*). Þekkest m.a. á gildum hárlausum ársprotum.

Þetta er mjög mikilvægt að ræktunarfólk geri sér ljóst, en mikill munur er á kvæmum og klónum trjátegundanna. Þannig hefur verið unnið mikið starf í þá veru að finna heppilega klóna alaskaaspar fyrir ákveðna landshluta. Vísast þar til Frækorns nr. 7 þar sem veittar voru leiðbeiningar um heppilega klóna í einstökum landshlutum.

En það þýðir hins vegar ekki, að einungis skuli rækta einn klón á hverjum stað, eins og tilhneiging hefur verið til að undanfögnu. Þó svo að klónarnir sem taldir eru heppilegastir gangi vel, eru þeir ekki fullkomnir. Þannig kom það til dæmis í ljós í vor að ýmsa af algengustu asparklónunum hér SV-lands hafði kallið, suma í frostum í byrjun septembermánaðar en aðra líklega í veðrabrigðum síðari hluta vetrar. Sem betur fer voru þetta aðeins minniháttar skemmdir, en þetta segir okkur það að algert aðalatriði sé að nota fleiri en einn klón í ræktun á hverjum stað. Eins má benda á, að margir þeir svepp- og bakteríusjúkdómar sem sækja á alaskaösp erlendis hafa enn ekki borist til landsins. Mikill breytileiki getur verið til staðar hjá klónum gagnvart slíkum sjúkdómum, og því nauðsynlegt að viðhalda erfðabreytileika í þeirri ösp sem hér er í ræktun svo að hún fari ekki öll forgörðum eins og hún leggur sig þegar og ef asparsjúkdómar nema hér land. Þannig á að nota nokkra af þeim heppilegustu á hverjum stað til þess að eggja séu ekki öll í sömu körfunni. Þetta er orðið auðvelt núna því klónaúrvalið er orðið slíkt. Ofuröspin er nefnilega ekki til!

Laufblaðið er sent endurgjaldslaust öllum félagsmönnum í skógræktarfélagunum. Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands,
Ránargötu 18, 101 Reykjavík,
sími: 551-8150, fax: 562-7131,
netfang: skogis.fel@ishofl.is

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri.

Ritstjóri: Jón Geir Pétursson skógfræðingur,
netfang: skogis.jgp@ishofl.is

Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prentvinnsla: PRENTHÖNNUN ehf.
Gefið út í 7500 eintökum.



Mynd: J.G.P. (S.Í.).

Frækornið

Laufblaðinu fylgir núna Frækorn nr. 9. Það fjallar um beinar sáningar á barrtrjáfræi í útjörð. Undanfarin 5 ár hafa staðið yfir rannsóknir á sáningum í samstarfi RSR Mógilsá, Skógræktarfélags Íslands og Héraðs-skóga, styrktar af Rannís og Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Niðurstöðurnar lofa góðu, en meðfylgjandi mynd er af tveggja ára lerkiplöntu á Héraði, vaxinni upp í plastkeilu.

Bræðurnir Ormsson, Beck's umboðið, Hitaveita Reykjavíkur og Frjó ehf. gerðu okkur kleift að gefa þetta Frækorn út. Með þeirra stuðningi er hægt að dreifa þessu endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélagunum.

Átt þú ekki örugglega öll Frækornin í safnmöppunni?

HÖPFERDAMIÐSTÖÐIN (hm)

PRENTHÖNNUN
SMÍÐJUVEGI 18, RAUÐ GATA,
200 KÖPAVOGUR

Hitaveita
Reykjavíkur

RAF MAGNSVEITA
REYKJAVÍKUR

HITAVEITA
SUÐURNESJA

Skógræktarfélag Seyðisfjarðar hefur tekið þátt í Landgræðsluskógaverkefningu frá upphafi. Verulega góður árangur hefur náðst, en á myndinni sést Emil Emilsson formaður félagsins, ásamt nokkrum félagsmanna sem hafa staðið að verkefningu. Mynd: J.G.P. (S.Í.).



Fræðslu- og félagsstarf í haust

Fjölmargin er á döfinni hjá skógræktarfélagunum á næstunni. Fræðslusamstarfið við Búnaðarbankann heldur áfram af fullum krafti. Helstu þættir þess í haust eru:

FRÆÐSLU- OG MYNDAKVÖLD

Opið hús í Mörkinni - allir velkomnir meðan húsrými leyfir

Haldin verða fræðslu- og myndakvöld mánaðarlega í húsnæði Ferðafélags Íslands, Mörkinni 6. Skógræktarfélagin á höfuðborgarsvæðinu standa sameiginlega að þessum fræðslukvöldum.

Dagskráin verður fjölbreytt og leitast við að hafa hana bæði fræðandi og skemmtilega. Skógarlist og skógarmenningu verður einnig haldið á lofti eins og kostur er með óvæntum upprákomum! Eftirtalin erindi verða flutt í haust.

15. september: Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir, sveppafræðingur – **Girnilegir matsveppir.**

Umsjón: Skógræktarfélag Kópavogs.

13. október: Jóhann Óli Hilmarsson fuglafræðingur - **Fuglar og tré.**

Umsjón: Skógræktarfélag Garðabæjar.

10. nóvember: Markús Runólfsson, formaður Skógræktarfélags Rangæinga

- **Skógrækt á Rangárvöllum** -

Umsjón: Skógræktarfélag Mosfellsbæjar.

NÁMSKEIÐ UM FRÆSÖFNUN Í SAMVINNU VIÐ RANN-SÓKNASTÖÐ SKÓGRÆKTAR RÍKISINS, MÓGILSÁ

Á námskeiðinu verður fjallað um hvernig standa á að söfnun fræs og sáningu þess á víðavangi. Þátttökugjald er kr. 3.500 og er innifalin vegleg mappa með námskeiðsgögnum. Nauðsynlegt að skrá sig með fyrirvara sem fyrst í síma 551-8150.

Mjór er mikils vísir - Fræsöfnun og sáning:

14. og 15. október kl. 20:30-22:30 og 17. október kl. 13:00-16:00.

Bóklegur innihluti: Fræ á Íslandi, lauftré og barrtré, fræþroskun, fræsöfnun, sáning á víðavangi.

Verklegur útluti: Fræferð í Öskjuhlíð og Fossvogskirkjugarð.

Leiðbeinendur verða Þórarinn Benedíksz skógræðingur, Ása L. Aradóttir vistfræðingur og Jón Geir Pétursson skógræðingur.

FRÆSÖFNUNAR- OG HAUSTLITAFERÐ Í BÆJARSTAÐASKÓG OG NÚPSSTAÐASKÓG

Tveggja daga ferð - dagana 26.-27. sept.

Haustið er fallegur tími í skóginum en þá skryðist birkið haustlitum. Þessir skógar eru með fallegustu skógum landsins og verða þeir skoðaðir í ferðinni.



FERÐ UM AUSTURRÍSKU ALPANA - Uppselt

Dagana 23.-30. september gengst Skógræktarfélag Íslands, í samvinnu við Landssamband skógareigenda, fyrir kynnisferð um austurrísku Alpana. Gestgjafi ferðarinnar er Austurríska skógræktarfélagið og mun Tíróldeild þess sjá um skipulagningu ferðarinnar. Leiðangursstjóri verður Sveinbjörn Dagfinnsson, varaformaður Skógræktarfélags Íslands.

Skemmst er frá því að segja að þau 50 sæti sem til ráðstöfunar voru í ferðina seldust upp á einu bretti. Verður sagt betur frá því sem fyrir augu ber í næsta Laufblaði.

Í öruggan farveg með vörum frá Sæplasti

Kröfur um að vatnsöflun, vatnsmiðun og fráveita vatns séu með þeim hætti að umhverfið hljóti ekki skaða af aukast stöðugt. Sæplast hefur mælt þessum kröfum með framleiðslu á vatnstönkum, brunnum, rotþræm og heita- og kaldavatsnörum og stuðlar þannig að verndun íslenskrar nátturu. Sæplast framleiðir einnig sandföng, oljuskiljur og lituskiljur, allt eftir óskum og þörfum viðskiptavinarins. Þá hefur Sæplast mikið úrval af tengjum fyrir heita- og kaldavatsrör.

Hafið samband við söludeild okkar og leitið frekari upplýsinga.

sæplast

Pósthólf 50 • 620 Dalvík • Sími: 460 5000, Bréfasími: 460 5001
Gjaldfrjálst númer: 800 5080 • Netfang: saeplast@saeplast.is

Vatnstankar

Rotþrær

Brunnar

Framlengingar/mannop

Heita- og kaldavatsrör

Tengi

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins:

Aðalbakari sf.
 Apótek Austurbæjar
 Arkis ehf
 B Ó B endurskoðun ehf
 Beyki hf
 Bifreiðaverkstæði Sigurðar V
 Bifreiðaverkstæðið Skeifan
 Birta heildverslun
 Bílaleigan AKA
 Bílþjónustan Vík
 Borgir hf
 Bókasafn Héraðsbúa
 Bókasafn Vopnafjarðarhrepps
 Bókhalds- og tölvuþjónustan sf
 Búnaðarfélag Holtahrepps
 Búnaðarsamband A-Húnavatnssýslu
 Búnaðarsamband Kjalarnessþings
 Búnaðarsamband Suðurlands
 Byggt og flutt
 Bændasamtök Íslands
 Coopers & Lybrand Hagvangur
 Dominos pizza ehf
 Dragi
 Eggert Kristjánsson hf
 Egilsstaðabær
 Endurskoðun Deloitte og Touche
 Engilbert Ó H Snorrason
 Eyrarsparisjóður
 Fangelsið Litla Hrauni
 Fatagerðin Íris sf.
 Ferðamiðstöð Austurlands hf
 Ferðaþjónusta bænda
 Ferðaþjónusta Bænda Stafafelli
 Ferðaþjónustan Húsafelli hf
 Fiskidjúsamlag Húsavíkur hf
 Fjölföldun Þorbergs Sigurjónssonar
 Fjölværk-verktakar ehf
 Flúðaplast hf
 Framhaldsskólinn í Skógum
 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
 Gagnaeyðing hf
 Geiri Péturs ehf
 Gesthús Dúna Hákonarbær hf
 Gistiheimilið Syðra Langholti
 Glerárlaug
 Glófi hf
 Goddi ehf
 Gróðrastöðin Réttarhóll
 Gunnar Hallgrímsson
 Haraldur Böðvarsson hf
 Hársnyrtistofan Nína
 Hegas hf
 Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra
 Heilbrigðiseftirlit Vestmannaeyja
 Heildverslun Péturs Péturssonar
 Héraðsskógar
 Héraðsdýralæknirinn Egilsstöðum
 Hitaveita Dalvíkur
 Hitaveita Suðurnesja

Árbók Landgræðslu ríkisins

Svo sem frá var greint í síðasta Laufblaði var Árbók landgræðslunnar, hin sjötta í röðinni væntanleg hin 17. júní síðastliðin. Vegna tæknibilunar varð nokkur töf á útgáfunni, en nú er búið að ráða bót á þeim vanda og mun bókin koma formlega út nú í mánaðarlokin.

Í bókinni eru greinar eftir 14 höfundum sem koma víða að þó allir tengist þeir landgræðslu með einum eða öðrum hætti. Greinarnar eru prýddar hátt á annað hundrað litmynda eftir alls 34 höfundum og hafa aldrei komið fleiri að gerð árbókar Landgræðslunnar en í þetta sinn. Með þessu tölublaði Laufblaðsins er lagt pöntunarblað fyrir Græðum Ísland VI bindi og ennfremur eldri árganga bókarinnar, sem í þetta sinn eru fáanlegir á sérstöku tilboðsverði meðan birgðir endast, en mjög fá eintök eru eftir af eldri árgöngum bókarinnar.

Þeim sem vilja tryggja sér eintak af ritinu Jarðvegsrof á Íslandi, en pöntunarblað fyrir þá bók fylgdi síðasta tölublaði Laufblaðsins, er bent á að hafa samband við Landgræðslu ríkisins sem fyrst (þjónustusími 800 88 00) en upplag þeirrar bókar er nú nær þorrið.


Úlfur Björnsson, útgáfustjóri Landgræðslu ríkisins
 Gunnarsholti, 851 Hellu, S: 487-5500

Met á Héraði

Staka tréð af blágrenitrjánnum fimm sem Flensburg gróðursetti í Efri-Mörkinni á Hallormsstað 1905 er næstmesta tré landsins að rúmtaki bolsins. Þórarinn Benedíksz mældi það haustið 1997 og var hæð þess þá 18,6 m og þvermál í brjósthæð 55,9 cm. Þetta gefur bolmassa um 2 m³. Mesta tréð að þessu leyti er hins vegar einn fjallapínurinn frá Flensburgartímanum í Neðri-Mörkinni á Hallormsstað, af heimafélki stundum kölluð drottningin. Það er 15,3 m hátt og þvermál í brjósthæð 86 cm sem gefur rúmtak bolsins um 3 m³. Hér vegur þessi gífurlega mikli gildleiki bolsins svona miklu meira en hæðin á blágreninu, sem er um 3 m hærra en þínurinn.

Önnur tré vaxa einnig vel á Héraði. Þessar mælingar voru gerðar haustið 1997 þannig að við má bæta vexti sumarsins 1998.

Sigurður Blöndal fyrrv.
skógræktarstjóri, Hallormsstað



Stóru blágrenitrén í Mörkinni. Staka tréð sést vel frá þessu sjónarhorni. Takið eftir manningum sem stendur við hlið trésins. (Mynd: S.Bl. 13.09.97).

Trjátegund	Staður og aldur	Hæð	Athugasemd
Alaskaösp	Stungið sem græðlingi 1951	20,36 m	
Rússalerki	Attavíkurstekkur á Hallormsstað, gróðursett 1937	20,34 m	Hæsta lerki á landinu
Sitkagreni	Hrafnkelsstaðir í Fljótssdal, gróðursett 1949	17,88 m	
	Ormsstaðir, úrgangsplöntur gróðursettar 1979	lengd ársprotta, 93 cm	
Ilmbjörk	Hrafnkelsstaðir	13,49 m	Hæsta birki á landinu svo vitað sé um
Ilmreynir	Hrafnkelsstaðir	13,83 m	Hæsti ilmreynir á landinu svo vitað sé um
Skrápgreni (<i>Picea asperata</i>), frá Honsu í Kína	Hallormsstaður, gróðursett 1961	6,0 m, lengd ársprotta 85 cm	Langhæsta skrápgreni á landinu



GIRÐIR

Þarft þú að girða í sumar?

Kynntu þér nýju íslensku rafgirðingarstaurana frá Hampiðjunni. Einstakur vírlásinn og endurunnið plastið gerir Girði varanlega lausn fyrir þig.

Girðir er fánlegur í eftirfarandi útfærslum.

- G1 Með járnenda sem hentar föstum og grýttum jarðveg.
- G2 Er allur úr plasti og hentar í mýkri jarðveg.
- G3 Rengla milli staura.
- GH Horn-/afstaur.
- GH2 Aukabúnaður fyrir mýrlendi.

Söluaðilar
Kaupfélögin um land allt • Í Reykjavík MR búðin

Vistvæn afurð Íslenskt hugvít



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÓLAFSVÍKUR
Ein órækasta sönnun þess hvað víða er hægt að rækta vöxtulegan skóg á Íslandi er skógarlundurinn innan við Ólafsvík. Mynd: J.G.P. (S.Í.).

Öflugt skógræktarstarf á Snæfellsnesi

Laufblöðungur var í vor á ferð á Snæfellsnesi, en þar starfa nú 5 skógræktarfélag. Hafa þau öll ræktunarsvæði í sinni umsjón þar sem gróðursett er árlega. Einnig hafa þau gengist fyrir ýmsum uppákomum í félagsstarfinu og héldu félögin Undir Jökli, í Ólafsvík og í Eyrarsveit vel sótt skógræktarnámskeið í vor. Skógræktarfélag Heiðsynninga gekkst fyrir fræðslufundi og skógardegi, en Skógræktarfélag Stykkishólms mun í haust gangast fyrir tveimur námskeiðum, um sveppi og viðarnytjar í skóginum. Eftirtaldir svipmyndir eru af starfssvæðum félaganna.



SKÓGRÆKTAR- OG LANDVERNDARFÉLAGIÐ UNDIR JÖKLI
Skúli Alexandersson, formaður Skógræktar- og landverndarfélagsins undir Jökli stendur hérna við fallegan sjálfssáinn reynivíð í hrauninu utan við Jökul. Mynd: J.G.P. (S.Í.).




Félagið hefur haft umsjón með landgræðslu-skógasvæði við Ingjaldshól undanfarin ár þar sem unnið hefur verið að skógrækt og almennri uppgræðslu. Á myndinni sést yfir hluta svæðisins og eins til kirkjunnar á Ingjaldshóli og lengra í burtu glittir í Jökulinn. Til gamans má geta þess að talið er að Kristófer Kólumbus hafi komið að Ingjaldshóli, siglandi frá Bristol í Englandi árið 1477 og fengið þar vitneskju um löndin í vestri, sem Íslendingar höfðu uppgötvað 500 árum fyrr. Var afhjúpað í sumar málverk í safnaðarheimili kirkjunnar sem sýnir Kólumbus kanna aðstæður, einmitt á núverandi landgræðsluskógasvæði. Mynd: J.G.P. (S.Í.).



SKÓGRÆKTARFÉLAG STYKKISHÓLMS

Skógræktarfélag Stykkishólms hefur ræktað umfangsmikil skóglendi undanfarna áratugi. Skógræktarskilyrði eru víða góð á starfssvæði félagsins, en mest hefur verið gróðursett undanfarin ár við Vatnsdalsvatn, sem sést á myndinni. Núna í vor gerði félagið samning við Stykkishólmsbæ um skógræktarsvæði við bæjarmörkin, sem mun verða framtíðar útivistarland svæðisins. Mynd: J.G.P (S.Í.).



SKÓGRÆKTARFÉLAG EYRARSVEITAR

Fyrir ofan Grundarfjörð er að vaxa úr grasi falllegur skógarlundur, sem verður skemmtilegur útivistarvettvangur bæjarbúa og gesta í framtíðinni. Kirkjufellið rís í baksýn. Einnig hefur skógræktarfélagið staðið fyrir umfangsmikilli landgræðsluskógrækt í landi Eiðis í Eyrarsveit. Mynd: J.G.P. (S.Í.).

Ný
glæsileg
bók

Anna Erla Guðadóttir • Auður Svendsdóttir • Elfu Döng Einaradóttir

Gardurinn

Hugmyndir að skipulagi og efnisvali



340 litmyndir
80 skýringamyndir
fjöldi garðteikninga


Bókin um garðinn

Fyrsta íslenska bókin sem fjallar einkum um hönnun garðsins, fjölbreytni í skipulagi og efnisvali. Vegleg bók, 208 síður.

Sendum hvert sem er gegn póstkrofu



Gardyrkjufélag Íslands
Frakkástigur 9, 101 Reykjavík, sími og fax 552 7721



SKÓGRÆKTARFÉLAG HEIÐSYNNINGA

Sunnanvert Snæfellsnesið er starfsvettvangur Skógræktarfélags Heiðsynninga. Umfangsmesta svæði félagsins er skógurinn í Hofsstöðahólum í Miklaholtshreppi, en þar hefur félagið unnið mikið að bættu aðgengi skógarins. Þar hafa verið lagðir göngustígar, sett upp hlið, endurbætt bílaplan, borð og bekkir, samhliða hirðingu skógarins. Á myndinni er Margrét Guðjónsdóttir, formaður félagsins, ásamt Einari Gunnarssyni, starfsmanni Skógræktarfélags Íslands. Mynd: J.G.P (S.Í.).

Ranabjöllur

Til athugunar að hausti

Einn af vágestunum í íslenski skógrækt eru svokallaðar ranabjöllur (*Otioryhncus sp.*)

Lirfa bjöllunnar lifir neðanjarðar og nagar plönturætur, sem veldur því að plönturnar sölna og þegar tekið er í þær dragast þær fyrirhafnarlítið upp. Hefur Guðmundur Hall-dórsson skordýrafræðingur fjallað um þær í ágætri grein í Ársriti Skógræktarfélagss Íslands 1994. En hvernig þekkjum við rana-bjölluskemmdir. Meðfylgjandi mynd sýnir það ágætlega.

Á myndinni sést lerkiplanta sem hefur verið nöguð af ranabjöllulirfum. Eins og sést eru rætur plöntunnar horfnar og sér inn í beran við á aðalróttinni. Þetta eru dæmigerðar skemmdir af völdum ranabjöllulirfu, sem oft koma í ljós seinnihluta sumars og að hausti.

Til þess að koma í veg fyrir svona skemmdir er helst það að forðast að gróðursetja á varptíma bjöllunnar. Hún verpur egg-



Mynd: J.G.P. (S.Í.).

um á tímabilinu frá miðjum júlí fram í miðjan ágúst. Verpur bjallan á plönturæturnar þannig að þegar lirfan skriður úr egginu tekur hún til við að éta ræturnar. Bjallan er mjög hreyfanleg en lirfan ekki. Með því að gróðursetja utan varptímans minnka mjög mikið líkurnar á því að lirfan komist að plönturótunum til að valda skemmdum.

Sem betur fer fellur varptími ranabjöllunnar ágætlega að þeim tíma sem hvað síst er að gróðursetja, þ.e. hásumarið. Einnig er fylgni milli þróttmilla plantna og ranabjölluskemmda.

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins:

- Hjaldur ehf
- Holtabúðin
- Hólmavíkurreppur
- Hópbílar hf
- Hótel Borgarnes
- Hótel Kirkjubæjarklaustur
- Hótel Norðurljós
- Hreinsunardeild Reykjavíkurborgar
- Húsavíkurkaupstaður
- Höfðahreppur
- Höldur Bílaleiga
- Ísbúðin Álfheimar 2
- Ísfélag Vestmannaeyja hf
- Ískort / Ísvík ehf
- Jarðefnaíðnaður hf
- Jóhanna Sigurðardóttir
- Kartöflusalán Svalbarðseyri hf
- Kaupsel hf
- Kirkjubæjarskóli
- Kjörgarður Laugavegi 59
- Kópavogsbær
- Kæliverk hf
- Landgræðsla ríkisins
- Langanes hf
- Langholtsskóli
- Laugardalshreppur
- Leikskólinn Barnabót
- Límtré hf
- Ljósgefjafinn hf
- Lækjarskóli
- Lögmannstofan Barónstíg
- Meðferðarheimilið Geldingalæk
- Menntaskólinn Laugarvatni
- Mjölverksmiðjan hf
- Mýrdælingur ehf
- Olíufélagið hf Esso
- Olíuverzlun Íslands hf
- Optima
- Purity Herbs snyrtivörur ehf
- R J R trading hf umboðsverzlun
- Rafeind sf.
- Rafmagnsveitur ríkisins
- Raftákn hf
- Raf teikning hf
- Reykjabúíð hf
- Sementsverksmiðjan hf
- Siglufjarðarkaupstaður
- Skaftárhreppur
- Skipaafgreiðsla Húsavíkur ehf
- Skógræktarfélag Patreksfjarðar
- Smith og Norland hf
- Snæber ehf bifreiðaverkstæði
- Snævarsvíð
- Sorpstöð Suðurlands
- Sparisjóður Suður-Þingeyinga
- Staðarskáli
- Steypustöðin ehf
- Tak
- Tannlæknastofa Einars Magnússonar

Typar®

JARÐVEGSDÚKUR

Hindrar vöxt illgresis

- TYPAR kemur í veg fyrir illgresisvöxt í blómabeðum og matjurtagörðum.
- TYPAR hleypir regnvatni í gegnum sig.
- TYPAR er efnatræðilega aðgerðarlaus þ.e. gefur ekki frá sér neinar efnablöndur.

Hemill á róturvöxt

- TYPAR kemur í veg fyrir óeðsleglega dreifingu róta löðrétt og lérrétt t.d. við hlaðna vegg.
- TYPAR ver t.d. framræsiukerfi fyrir ágangi róta.
- TYPAR ver t.d. ný beð fyrir rötum trjáa.

Ræktun á lélegum jarðvegi

- Þegar gróðurmold er sett ofan á lélegan (grófan) jarðveg er gott að nota TYPAR dúk á milli til að koma í veg fyrir jarðvegsblöndun eða sig.
- TYPAR hindrar róturvöxt niður í undirlagið.
- TYPAR heldur gróðurmoldinni á sínum stað t.d. í vatnaveðrum.
- TYPAR er sparnaður — minnkar undirvinnu, minna magn gróðurmoldar, t.d. þegar ræktað er ofan á hraun.

Faxafeni 12 (Skelfunni) Sími 553 8000

Jólatré og -greinar fyrir 10 milljarða

Skógræktarfélag Íslands og Skógrækt ríkisins eru aðilar að norrænum samtökum sem kallast Norræna Skógarsambandið, Nordisk Skovunion (NSU).

Samtökin halda ráðstefnu á fjögurra ára fresti, til skiptis á Norðurlöndunum. Núna í sumar var slíkt þing haldið í Danmörku og var Laufblöðungur á vettvangi. Fór hann í kynnisferð þar sem áhersla var lögð á ræktun jólatrjáa og -greina.

Slík ræktun er stór atvinnuvegur í Danmörku, en á þeim vettvangi eru þeir allra Evrópuþjóða fremstir. Flytja þeir tré og greinar út um alla Evrópu, meðal annars hingað til Íslands. Vakti það mikla athygli Laufblöðungs hversu stór atvinnuvegur þetta er. Samkvæmt tölum frá danska jólatrjáræktarsambandinu eru árlegar útflutningstekjur af jólatrám og -greinum um 1 milljarður danskra króna, eða sem samsvarar um 10 milljörðum íslenskra króna (og þetta er ekki prentvilla!).

Hér á Íslandi er töluverð reynsla fengin á ræktun jólatrjáa og er greinilegt að með réttu umhirðu er hægt að ná ljómandi góðum árangri við ræktunina. Er framleidd hér um 10 þúsund tré árlega. Heildarmarkaður-



Jólatrjáaakur á Sjálandi í Danmörku. Hér rækta menn norðmannsþin. Mynd: J.G.P. (S.Í.).



Jólatrjáaakur á Hallormsstað á Íslandi. Hér rækta menn blágreini. Á þessa ræktun þarf að leggja miklu meiri stund. Mynd: J.G.P. (S.Í.).

inn er hins vegar um 35-40 þúsund tré og því til viðbótar sóknarfæri gagnvart gervitrám og á jólagreinamarkaðinn. Þarna á íslensk skógrækt því mikil sóknarfæri í framtíðinni sem þarf að vinna skipulega að.



Gestir í skógargöngu skoða ræktunarsvæði Hákonar heitins Bjarnasonar í Vatnshlíð í Hafnarfirði. Mynd: J.G.P. (S.Í.).

Vel lukkaðar skógargöngur í sumar

Skógargöngur sumarsins tókust vel. Á höfuðborgarsvæðinu voru skógræktarsvæði einstaklinga heimsótt, byrjað í Hafnarfirði og endað í Mosfellsbæ. Skógræktarfélagin á höfuðborgarsvæðinu tóku höndum saman um göngurnar og mættu um 100 manns í hverja göngu. Skógræktarfélag Eyfirðinga stóð fyrir göngum á sínu starfssvæði, svo og Skógræktarfélag Borgarfjarðar, í samvinnu við Ungmennasamband Borgarfjarðar og tókust þær einnig ljómandi vel.

FARMI

Trjákurllarar



CH 140
CH 150
CH 250

Viðfang

Sími: 557 6513. Fax: 557 6513. Farsími: 899 2182

STIHL®

KRAFTMIKIL, LÉTT OG GANGVISS VERKFÆRI.

Í fararbroddi í 70 ár

KEDJUSAGIR,

HEKKLIPPUR, LAUFSUGUR, STAURABORAR, SLÁTTUORF, STEINSAGIR.

Þýsk gæðavara með umhverfisþáttinn og öryggið í öndvegi. Góð varahluta- og viðgerðarþjónusta.



RÁÐGJÖF
SÉRFRÆÐINGA
UM GARD-
OG GRÓÐURRÆKT

GRÓÐURVÖRUR

VERSLUN SÖLUFELAGS GARDYRKJUMANNA
Smíðjuvegi 5, Kópavogi, sími: 554 3211



Mynd: J.G.P. (S.Í.).

Eðli trjá- tegundanna

Þegar gengið er um í skóginum er alltaf eitthvað áhugavert sem fyrir augu ber. Á skógargöngu snemma í sumar tók Laufblöðungur meðfylgjandi mynd.

Mikill munur er á eiginleikum einstakra trjátegunda. Munurinn birtist í ýmsum myndum, en einn lýtur að þeim tíma sem trén taka út lengdarvöxt á sumrin. Á myndinni, sem er tekin 9. júní í Daníelslundi í Svignaskarði í Borgarfirði sjáum við rauð-

greni vinstra megin og stafafuru hægra megin. Eins og sést, er stafafuran búin að taka út tölulverðan lengdarvöxt, meðan rauðgrenið er rétt að springa út. Þennan eiginleika er hægt að notfæra sér, til dæmis á stöðum þar sem hætta er á síðsumarfrostum. Þá er stafafuran búin að ljúka lengdarvexti en grenisprotarnir óþroskaðir. Þannig stendur furan af sér frostin en greninu hættir við kali.

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins:

- Tálknafjarðarhreppur
- Tiffanys Gler Studió
- Tjaldstæðið Kirkjubæ
- Tónspil
- Trésmiðjan Eik hf
- V.D.O. mæla og barkaviðgerðir
- Vallarskeifa
- Verkfræðistofa Jóns B Hafsteins
- Verkfræðistofa Suðurnesja hf
- Verslunarmannafélag Suðurnesja
- Verslunin H-Sel
- Vestmannaeyjabær
- Véla- og bílaþjónusta Kristjáns
- Véla- og skipaþjónustan Framtak
- Véla- og Stálsmiðjan
- Vélaþjónusta Ingvars
- Vélsmiðja Hauks Kjartanssonar
- Vinnuskóli Reykjavíkur
- Vistheimilið Gunnarsholti
- Vírnet hf
- Vöruflutningamiðstöðin hf
- Þingvallahreppur
- Þórshafnarhreppur
- Þratarhöll ehf
- Ökuskóli S.G. sf
- Ölfushreppur
- Öryggismiðstöð Íslands hf



ÍSTAK

ÍSÓL

Gróðrarstöðin
Skuld

FERÐASKRIFSTOFA
ÍSLANDS

Nýtt skógræktarfélag

Skógræktarfélagið Skógfell

Núna í vor var stofnað nýtt skógræktarfélag, Skógræktarfélagið Skógfell, Vatnsleysustrandarhreppi. Þjóðum við það velkomið í hóp skógræktarfélaganna, sem núna eru orðin 55 talsins og hafa aldrei verið fleiri.

GÆÐAMOLD Í GARÐINN

Grjóthreinsuð mold, blönduð áburði, skeljakaiki og sandi. Þú sækir eða við sendum. Afgreiðsla á gömlu sorphaugunum í Gufunesi.



GÆÐAMOLD
MOLDARBLANDAN – GÆÐAMOLD HF.
Pöntunarsími 567 4988

Ert þú áskrifandi að Skógræktarritinu?

Fyrir aðeins kr. 1.600 færð þú sent heim veglegt rit með fjölbreyttum fróðleik sem fjallar um skógrækt og uppgræðslu lands. Um leið styrkir þú áhugamannasamtök sem vinna að ræktun landsins.



Auk þess er hægt að fá keypt rit árin 1930–1997 á kr. 15.000 (+póstburðargjald) (hluti ljósrit) árin 1987–1997 á kr. 8.000 • árin 1993–1997 á kr. 5.000

Hafðu samband í síma: 551-8150, fax: 562-7131 eða netfang: skogis.fel@isholf.is

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Áskriftarsími er: 551-8150

Fallegur hvítþinur á Eskifirði

13.

Þegar Laufblöðungur var á ferð um Austfirði á dögunum rakst hann á óvenjulegt tré. Á Eskifirði er gamall garður við hús sem nefnist Melur. Þar vex trjátegund sem er óalgeng í ræktun í gördum landsmanna, en finnst á nokkrum stöðum í skógræktargirðingum og kallast hvítþinur (*Abies concolor*). Á Eskifirði eru ágæt skógræktarskilyrði og víða mjög þróttmikill trjágróður í gördum. Nýstofnað skógræktarfélag í bænum hefur tekist á hendur umfangsmikla skógrækt í bæjarlandinu, sem í framtíðinni mun verða útvistarvettvangur Eskfirðinga og annarra sem leið eiga um.



Á myndinni eru fermingarsystkinin Ölver Guðnason, formaður Skógræktarfélags Eskifjarðar, og Anna Stefánsdóttir við hvítþininn fallega í garðinum á Mel á Eskifirði. Mynd: J.G.P. (S.Í.).

ARINHLEÐSLA

MÚRVIÐGERÐIR

GLERVEGGJAHLEÐSLA

FLÍSALAGNIR

SIGURBJÖRN E. LOGASON
MÚRARAMEISTARI
Fannafold 66a • sími 567 6245

Gardplöntustöðin
NÁTTHAGI
við veg nr. 374 HVAMMUR

Tré, runnar, sumarblóm, fjölær blóm.

Sími 483 4840 Fax 483 4802

Velkomin í sveitasælustöðina



ÍSLAKK hf.

Heimasíða
umhverfisráðuneytisins:
upplýsingabrunnur um
umhverfismál
Komdu í heimsókn!
<http://www.stjr.is/umh>

GLÆSILEGT
ÚRVAL
AF HELLUM
OG STEINUM.
ENDALOUSIR
MÖGULEIKAR.

STÉTT

Hyrjarhöfði 8
sími: 577 1700
fax: 577 1701



FJÄLL RÄVEN



SPORTLEIGAN

v/umferðamiðstöðina – s: 551 9800

10% afsláttur til félagsmanna Skógræktarfélags Íslands gegn framvísun félagsskírteina.